

Nr.: GAT-040	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 02		
Dags.: 13.11. 2012		
Höfundur: BEN		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 5	437. fundur skólanefndar VMA	

Dags.:19.06. 2019	Tími: 17 - 19	Staðsetning: Fundaherbergi A álmu	Fund boðaði:SHJ
-------------------	---------------	--------------------------------------	-----------------

Þátttakendur

Mættir:	Hrafnhildur Karlsdóttir, Sverre Jakobsson, Sigríður Huld Jónsdóttir, Hörður Óskarsson fulltrúi kennara, Reynir Eiríksson, Sigríður Ólafsdóttir, Axel Grettisson, Anna Kristjana Helgadóttir fulltrúi nemenda,
Fjarverandi:	Benedikt Barðason, Jón Hrói Finnsson fulltrúi foreldra, Kristín Halldórsdóttir.

Dagskrá:

1. Fundagerð síðasta fundar til samþykktar og undirritunar
2. Rekstur og staðan
3. Breytingar í mönnun næsta skólaár
4. Nemendafjöldi haustönn 2019
5. Framkvæmdir í sumar
6. Ný lög Þórðunu nemendafélags - lagt fram til kynningar
7. Jafnréttistefna - endurskoðuð stefna lögð fram til kynningar
8. Öryggismál - áhættumat í VMA
9. Stofnun ársins - niðurstöður fyrir VMA
10. Fjarnámið - staðan í samningum
11. Kennsluréttindanám iðnmeistara, samstarf VMA og HÍ
12. Persónuverndarfulltrúi - tilkynning á persónuverndarfulltrúa VMA
13. Önnur mál
 1. Skipun skólameistara skólaárið 2019-2020
 2. Starfsmannaferð til Brussel

nr.	Fundargerð dagskrárliðs
1.	Fundargerð síðasta fundar undirrituð og samþykkt
2.	Rekstur og staðan Skólameistari fer yfir fjárhagsstöðu skólans eins og hún er núna. Enn á eftir að gera upp starfsbraut fyrir árið 2018, ársreikningur 2018 er ekki enn kominn og húsaleiga er ekki enn rukkuð samkvæmt leigusamningi sem búið er að undirrita. Rekstur ársins er á áæltun og lausafjárstaða góð eins og er. Inneigni hjá ríkinu er nú um 60 milljónir sem gefur ekki rétta mynd af stöðunni þar sem enn eru óvissipættir sem eiga eftir að koma fram t.d. uppgjör fyrir árið 2018 og

Nr.: GAT-040	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 02		
Dags.: 13.11. 2012		
Höfundur: BEN		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 5	437. fundur skólanefndar VMA	

	húsaleigan. Enn er verið að rukka húsaleiguna eftir gamla samningunum sem var um 13 milljónir á mánuði en nýja húsaleigan á að vera 28.6 milljónir. Skólameistari hefur hafnað því að fá þetta fjármagn inn á reikning skólans þar sem þessi óvissa er enn þá varðandi húsaleiguna og uppgjör fyrir árið 2018. Aðstoðarskólameistari og rekstar- og fjármálastjóri fóru á fund í Mennta- og menningarmálaráðuneytinu þar sem var rætt um fjármál framhaldsskólanna. Fundurinn var haldinn fyrir alla fjármálastjóra framhaldsskólanna. Þar var spurt bæði um húsaleiguna og uppgjör á starfsbraut en engin svör önnur en að málin væru í vinnslu.. Stjórnendur hafa haldið að sér höndum með innkaup í bili og ekki farið í stærri fjárfestingar. Búið er að kaupa kennslutæki í kælitækni fyrir rúmlega 8 milljónir og einhver innkaup hafa verið á tölubúnaði. Mikið búið að bæta í allan tölvubúnað, kerfisbúnað og þráðlausa netið í skólanum nú í vetur. Fyrirhugað er að kaupa húsgögn í starfsmannaaðstöðu.
3.	Breytingar í mönnun næsta skólaár Skólameistari fór yfir breytingar á mönnun fyrir næsta skólaár. Mikið um tilfærslur á milli kennara innan brauta og faga til að jafna út kennslu. Búið að ráða nýja forstöðumann bókasafns og ganga frá ráðningum í kennslustöður sem voru auglýstar. Fimm kennarar verða ráðnir í rafiðngreinum og einn í dönsku en þar er um að ræða stöðu sem kennari hefur verið í án kennsluréttinda og það sama á við um þrjár stöður í rafiðn. Skólameistari sækir um undanþágur fyrir þessa kennara og þeir fá tímabundna ráðningu til eins árs. Það á eftir að ganga frá ráðningu í starf fulltrúa á skrifstofu.
4.	Nemendafjöldi haustönn 2019 Aðsókn í skólann er meiri en stjórnendur áttu von á. Alls hafa verið teknir inn 235 nýnemar sem skiptast á allar brautir skólans. Brautarbrú er stærri en við áttum von á. Fullt er í allt iðn- og starfsnám og hafa nokkrir fengið höfnun um skólavist á næsta ári. Enn á eftir að afgreiða nokkrar umsóknir sem eru á bið. Alls eru virkir nemendur í dag 19. júní - 1014. Þar af eru Innritaðir og endurinnritaðir; 168. Í námi; 560, Útskriftarefni; 51. Nýnemar 235. Þessar tölur taka einhverjum breytingum í ágúst. Athyglisvert er að sjá kynjaskiptingu nýnema þar sem eru 149 karlar og 86 konur. Ástæður þess ræddar, m.a. námsframboðið miðast í verklegu námi meira við karllægar greinar og fleiri strákar en stelpur eru á Brautarbrú.

Nr.: GAT-040	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 02		
Dags.: 13.11. 2012	437. fundur skólanefndar VMA	
Höfundur: BEN		
Samþykkt: HJS		
Síða 3 af 5		

5.	Framkvæmdir í sumar Eins og venjulega er farið í ýmsar framkvæmdir á húsnæði skólans í sumar. Eldhús fyrir starfsmannaaðstöðu í D-álmu verður endurnýjuð, málað í nokkrum rýmum innan skólans, hellulagt meðfram útveggjum að utan í álmum A, B og C, bætt lýsing á nokkrum stöðum og endurnýjun á búnaði og aðstöðu í mótuneyti í Gryfju. Fyrir liggur að það þarf að huga að skjalageymslu fyrir skólann og bæta búningaaðstöðu fyrir nemendur, sérstaklega stelpur í byggingagreinum og í vélstjórn. Hörður lagði fram þá hugmynd að skoða hvort hægt væri að gera loft yfir kennslustofum í málminum sem gæti rúmað búningaaðstöðu. Skólameistari nefndi líka kjallara undir rafið og matvælabraut sem væri hægt að moka út úr og nýta fyrir búningaaðstöðu og jafnvel skjalageymslu. Einnig rætt um aðstöðuleysi skólans vegna íþróttaaðstöðu.
6.	Ný lög Þórdunu nemendafélags Lögð fram til kynningar ný lög nemendafélagsins Þórdunu sem samþykkt voru í apríl. Mikil endurskoðun fór fram á lögnum, m.a. bætt við hagsmunafulltrúa í stjórn, breytingar í sambandi við framkvæmd kosninga og breytingar varðandi fjármál og utanumhald með þeim.
7.	Jafnréttisstefna Skólameistari kynnti endurskoðun á jafnréttisstefnu skólans. Jafnréttisfulltrúi VMA er Helga Júlíusdóttir náms- og starfsráðgjafi. Stefnan verður kynnt á skólafundi í ágúst og mögulega þarf að gera breytingar á stefnunni í kjölfar jafnlaunavottunarferlisins sem fer fram á haustönn. Skólameistari sagði frá því að ákveðið hefði verið að fá aðstoð ráðgjafa við innleiðingu jafnlaunastefnunnar og eins hafa framhaldsskólarnir á NA-svæði ákveðið að vinna saman að jafnlaunavottuninni og innleiðingu hennar.
8.	Öryggisstefna og áhættumat Frestað til næsta fundar.
9.	Stofnun ársins - niðurstöður fyrir VMA Skólameistari fór yfir greiningu á niðurstöðum fyrir stofnun ársins 2019. Ánægjulegt að sjá að niðurstöðurnar fara upp á við í flestum þáttum matsins miðað við fyrir ári síðan. Mesta hækkun er vegna ánægju með vinnuaðstöðu og tækjabúnað og er greinilegt að þær aðgerðir sem hefur verið farið í á árinu eru að skila sér í ánægju starfsmanna. Ánægja eykst í flestum þáttum er lúta að stjórnun. Þurfum að horfa til streitu og öryggismála á næsta skólaári því þar eru merki um streitu sem þarf að bregðast við. Tengist vinnu við öryggismálin sem farið verður í á næsta skólaári.

Nr.: GAT-040	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 02		
Dags.: 13.11. 2012	437. fundur skólanefndar VMA	
Höfundur: BEN		
Samþykkt: HJS		
Síða 4 af 5		

10.	Fjarnámið Skólameistari sagði frá fundum sem haldnir hafa verið í vor með fulltrúum kennara varðandi fjarnám og greiðslur fyrir kennslu í fjarnámi. Fundur á morgun og stefnt að því að ljúka samkomulagi fyrir sumarfrí.
11.	Kennsluréttindanam iðnmeistara, samstarf VMA og HÍ Stjórnendur hafa ekkert frétt af aðsókn í kennsluréttindanamið í HÍ en fyrirspurn hefur verið send til að kanna aðsókn og hvort það verði hópur hér á Akureyri með aðstöðu í VMA. Ef af verður þá munu nemendur vera í fjarfundi í húsnæði VMA í stað þess að fara í lotur til Reykjavíkur. Þegar hafa a.m.k. þrír leiðbeinendur sem munu kenna í VMA næsta sótt um nám í kennslufræði iðnmeistara.
12.	Persónuverndarfulltrúi - tilkynning á persónuverndarfulltrúa VMA Búið er að tilkynna til MRN að Hallgrímur Jónsson lögmaður hjá Pacta lögmenn sé persónuverndarfulltrúi skólans. Skólarnir á NA-svæði hafa allir gert samning við Pacta um þjónustu vegna persónuverndarfulltrúa. Unnið verður áfram í samstarfi við hina skólana og MRN að persónuverndarstefnu og persónuvernarmálum á haustönn.
13..	Önnur mál 1) Búið er að skipa Benedikt Barðason sem skólameistara næsta skólaár í fjarveru Sigríðar Huldar skólameistara sem veður í námsleyfi. Bréf þess efnis hefur borist skólanum og Benedikt. 2) Starfsmannaferð til Brussel. Skólameistari sagði frá 100 manna starfsmannaferð VMA sem farin var í lok maí til Brussel. Starfsmenn heimsóttu skóla í Brussel, Evrópuþingið og fóru í skólaheimsóknir til Antwerpen og Lige. Ferðin var jafnframt skemmtiferð sem mikil ánægja var með.

Fundargerð ritaði: Sigríður Huld Jónsdóttir	dags.19.06.2019
---	-----------------

Fundagerðir skólanefndarfunda eru vistaðar á stjórnendadriði (skólanefnd) og undirritað eintak geymt í möppu á skrifstofu skólameistara. Fundargerð er borin upp til samþykktar á næsta skólanefndarfundi og undirrita fulltrúar í skólanefnd fundargerðina. Dagskrá fundar er undirrituð í fundargerðabók sem geymd er á skrifstofu skólameistara. Samþykkt fundagerð er birt á heimasíðu skólans.

Undirskrift fundarmanna - næsta bls.